

EFTIRLITSSKÝRSLA

Pingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur) Kollóttalda á Hólasandi



Dags eftirlits	19.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Pingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur)	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hlíðarvegur 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6002691009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Atli Steinn Sveinbjörnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik úr eftirliti ársins 2022 er enn opið. Úrbótaáætlun hefur ekki verið fylgt eftir sem frávikið varðar.

Rekstraraðili hefur sótt um niðurfellingu starfsleyfis. Samkvæmt starfsleyfi þarf áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðar að liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur. Telst það því sem frávik frá eftirliti nú. Óskar Umhverfisstofnun því eftir lokaáætlun frá rekstraraðila, sjá nánar í liðnum "Annað" í þessari skýrslu.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Skútustaðahrepps (nú Pingeyjarsveit) við Kollóttöldu á Hólasandi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn er í óskiptu landi Grímsstaða.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Farið yfir niðurfellingu starfsleyfis og farveg þess
- Kynning á meðfylgjandi gögnum fundarboðs
- Skoðunarferð um rekstrarsvæðið

Árið 2021 var gefið út starfsleyfi fyrir rekstraraðila, en samkvæmt fulltrúa rekstraraðila hefur engin starfsemi átt sér stað á urðunarstaðnum síðan starfsleyfið var gefið út. Engar skráningar hafa því verið gerðar, né hefur engin vöktun átt sér stað. Umfang starfseminnar miðaðist við urðun á 370 tonnum á ári af óvirkum, meðhöndluðum úrgangi og takmarkaðist við uppruna úr Skútustaðahreppi.

Árið 2022 fór fram fyrsta eftirlit á urðunarstað, kom þá fram frávik er varðar losun úrgangs sem ekki má urða á staðnum. Umhverfisstofnun samþykkti úrbótaáætlun frá rekstraraðila þann 19. október sama ár, þar sem áformað var að þeim úrgangi sem komið hefði verið fyrir á staðnum, yrði færður yfir á urðunarstað sem væri tiltækur fyrir slíkan úrgang. Við eftirlit ársins nú kom í ljós að sá úrgangur er enn til staðar og því hefur úrbótaáætlun ekki verið fylgt eftir. Úrgangshaugar eru á staðnum sem ekki hafa verið grafnir niður og innihalda þá helst steypubrot með styrktarjárnnum, malbik og annars konar jarðvegur með ýmsum úrgangi í eins og plasti.

Þann 6.mars 2023 sótti rekstraraðili um niðurfellingu starfsleyfis. Benti rekstraraðili á að forsendur starfsemi urðunarstaðar væru ekki lengur til staðar. Við lokun urðunarstaða taka í gildi liðir 1.5 og 1.6 í starfsleyfi. Skal úrgangi á staðnum ráðstafað á viðurkenndan hátt og er nánar tekið fram í starfsleyfi að Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með að frágangur, eftirlit og mælingar séu til samræmis við 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Allur frágangur á urðunarstað skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að svæðið falli sem best að landslagi. Þarf rekstraraðili að leggja fram áætlun um endanlegan frágang svæðisins, eða svokallaða lokunaráætlun.

1.6. í starfsleyfi:

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðar líkur, skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðar skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur. Slík áætlun liggur ekki fyrir.

ANNAÐ

Lokunaráætlun er sett fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs. Sjá nánar um frágang urðunarsvæðis í V. kafla reglugerðarinnar. Einnig eru sérákvæði um urðunarstaði er eiga við um lokun urðunarstaða að finna í X. kafla laga 55/2003.

Í lokunaráætlun þarf m.a. að koma fram eftirfarandi:

- Stutt samantekt um urðunarstaðinn þar sem gefin er upp staðsetning (yfirlitskort með hnitum)
- Úrgangshaugum sem komið hefur verið fyrir á svæðinu skal fjarlægður, vísast í frávik ársins 2022 og samþykkrar úrbótaáætlunar sem ekki hefur verið fylgt eftir. Hreinsun svæðis upp að upprunanlegri mynd í landslagi ákvarðar tíðni fyrirhugaðrar vöktunar.
- Tímasett verkáætlun um frágang svæðisins og upplýsingar um hvernig endanlegur frágangur svæðisins mun vera.
- Áætlun um viðhald staðarins m.t.t. vöktunar, vöktun á hugsanlegri mengun og vöktun veðurfars og tíðni vöktunar (sjá kröfur í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs), metið út frá ákvæðum reglugerða.
- Upplýsingar um framtíðarnýtingu svæðisins.
- Landeignanúmer og upplýsingar um landeigendur. Sé landeigandi anna ren rekstraraðili skal honum tilkynnt um fyrirhugaða lokun urðunarstaðarins, og einnig tilkynnt um kvaðir sem af því leiðir ef við á.
- Umboð og/eða staðfesting um fyrirsvar.

Lokun urðunarstaðar, eða hluta hans, telst ekki endanleg fyrr en Umhverfisstofnun hefur látið fara fram lokaskoðun á vettvangi, metið allar skýrslur sem rekstraraðili hefur lagt fram og ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun liggur fyrir. Þetta skerðir á engan hátt þá ábyrgð sem rekstraraðili ber samkvæmt skilyrðum leyfisins. Þegar mat á lokunaráætlun liggur fyrir verða drög að lokunarfyrirmælum útbúin, sem send verða á rekstraraðila og ef við á landeigenda

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

